

## 8. bekkur

### Áætlun í íslensku

#### Námsgögn veturinn 2022-2023:

**Málfræði:** *Kveikjur, Málið í mark – Óbeygjanleg orð.* Verkefni frá kennara

**Ritun:** *Kveikjur.* Verkefni frá kennara. Bókmenntaritgerð. Ritun ræðu.

**Stafsetning:** *Kveikjur, Stoðkennarinn.* Verkefni frá kennara.

**Lestur og lesskilningur:** *Kveikjur. Gísla saga Súrssonar. Strákarnir með strípurnar.* Ýmsar bækur til yndislestrar.

**Framkoma og tjáning:** *Kveikjur.* Flutningur ræðu. Leikræn tjáning í tengslum við ýmis verkefni vetrarins.

Dagsetning	Viðfangsefni	Verkefnaskil	Hæfniviðmið	Uppbrot
22.-26. ágúst	Lestrardagbók kynnt.  Farið á bókasafnið.	Útbúa lestrardagbók.  Nemendur velja sér bók til yndislestrar sem á að lesa heima og í skóla.	Nemandi geti valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa.	22.-23. ágúst: Sumarfrí 24. ágúst: Skólasetning
29. ágúst – 2. september	<i>Kveikjur</i> 1. kafli „Af hverju vil ég efla læsi?“ Verkefni unnin í tímum.	  <i>Málið í mark: bls. 1-2</i>	Nemandi geti m.a. valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur. Nemandi geti skilið mikilvægi þess að geta lesið og eflt eigið læsi.	2. sept.: Foreldradagur
5. – 9. sept.	<i>Kveikjur</i> 1. kafli „Af hverju vil ég efla læsi?“ Verkefni unnin í tímum.	<b>9. sept.: Uppáhaldsbókin mín, munnleg kynning (5%)</b>  <i>Málið í mark: bls. 3-4</i>	Nemandi geti flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas.	

<b>12.-16. sept.</b>	<i>Kveikjur</i> 8. kafli. „Ást er að týnast í orðum.“ Verkefni unnin í tímum.	<i>Málið í mark: bls. 5-6</i>	Nemandi geti beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði.	
<b>19. – 23. sept.</b>	Hefjum lestur á <i>Strákarnir með strípurnar</i> .  <i>Kveikjur</i> 8. kafli. „Ást er að týnast í orðum.“ Verkefni unnin í tímum.	Skrá þarf í lestrardagbók. Lesa á um <b>45 bls.</b> á viku.  <i>Málið í mark: bls. 7-8</i>	Nemandi geti lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað.	
<b>26.-30. sept.</b>	<i>Strákarnir með strípurnar</i>  Unnið með hugarkort	Skrá þarf í lestrardagbók. Lesa á um <b>45 bls.</b> á viku.  <b>30. sept.: Könnun úr 8. kafla í Kveikjum (15%)</b>  <i>Málið í mark: bls. 9-10</i>	Nemandi geti lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta.	30. sept.: Kennaraþing
<b>3.- 7. okt.</b>	<i>Strákarnir með strípurnar</i>  Umræður og hópavinna	Skrá þarf í lestrardagbók. Lesa á um <b>45 bls.</b> á viku.  <i>Málið í mark: bls. 11-12</i>	Nemandi geti tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar.	
<b>10.-14. okt.</b>	Umræður um <i>Strákarnir með strípurnar</i> .  Lykilritun, málsgreinar og efnisgreinar.	<b>14. okt: Könnun úr <i>Strákarnir með strípurnar</i> (15%)</b>  <i>Málið í mark: bls. 13-14</i>	Nemandi geti beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun.	
<b>17. - 21. okt.</b>	Lykilritun, málsgreinar og efnisgreinar.  Unnið í ritdómi	<b>21. okt.: Ritdómur um bókina; Þín skoðun. (15%)</b>  <i>Málið í mark: bls. 15-16</i>	Nemandi geti skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar.	

24. – 28. okt.	Stoðkennarinn – Stafsetning	Stoðkennari: Áætlun afhent.  <i>Málið í mark: bls. 17</i>	Nemandi geti beitt reglum um réttritun. Nemandi geti náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda.	
31. okt. – 4. nóv.	Stoðkennarinn - Stafsetning	Stoðkennari: Áætlun afhent  <b>2. nóv: Könnun úr <i>Málið í mark</i> (15%) og skila vinnubók (5%)</b>	Nemandi geti beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess. Nemandi átti sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka.	
7. - 11. nóv.	Verkefni frá kennara	<b>7. nóv. : Stafsetningarkönnun (10%)</b>  <b>Í lok annar: Virkni, þátttaka og vinnusemi (20%)</b>		9. nóv.: Skipulagsdagur 10. nóv.: Skipulagsdagur 11. nóv.: Annarleyfi

Kennari: Anna Kristín Guðjónsdóttir  
Haustönn